



Erindisbréf mennta og menningarmálanefnd Reykhólahrepps

I. Kafli Umboð og hlutverk

1. gr

Mennta og menningarmálanefnd Reykhólahrepps er skipuð af hreppsnefnd Reykhólahrepps og fer hún í umboði hreppsnefndar með þau mennta- og menningarmál sem henni eru falin, eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu. Nefndin heyrir beint undir hreppsnefnd.

2. gr

Mennta og menningarmálanefnd Reykhólahrepps er skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar.

Auk nefndarmanna í mennta- menningarmálanefnd eiga eftirtaldir rétt á setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt:

Þegar fjallað er um málefni grunnskóla:

Skólastjóri grunnskóla eða aðstoðarskólastjóri í forföllum skólastjóra, kennarafulltrúi sem valinn er úr hópi kennara og fulltrúi foreldra grunnskólabarna.

Þegar fjallað er um málefni leikskóla:

Skólastjóri leikskóla eða aðstoðarskólastjóri í forföllum skólastjóra, leikskólakennari sem valinn er úr hópi starfsmanna leikskóla og fulltrúi foreldra leikskólabarna.

3. gr.

Á fyrsta fundi nefndarinnar skal fara fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

4. gr.

Samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps fer mennta og menningarmálanefnd með skólamál skv. 6. gr. laga um grunnskóla 91/2008 og 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla og menningarmál. Mennta og menningarmálanefnd fer með málefni grunn- og leikskóla samkvæmt lögum og reglugerðum um grunnskóla, leikskóla og sveitarstjórnarlögum og því sem sveitarstjórn felur henni að öðru leyti.

5. gr.

Mennta og menningarmálanefnd Reykhólahrepps veitir hreppsnefnd umsögn um skóla- og menningarmál sem og verklegar áætlanir.

6. gr.

Ákvarðanir nefndarinnar taka formlega gildi við staðfestingu hreppsnefndar.

II Kafli Fundir og starfshættir

7. gr.

Nefndin heldur fundi að jafnaði sex sinnum á ári. Formaður boðar til fundar. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti nefndarmanna í mennta og menningarmálanefnd æskja þess.

8. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boða til funda með skriflegu fundarboði og því skal fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefjast skjótrar úrlausnar umhverfisnefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

9.gr.

Mennta og menningarmálanefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Um hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum 19. gr. sveitarsjórnarlaga. Nefndarmenn, sem og áheyrnarfulltrúar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé að störfum.

10.gr.

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók, eða tölvuskra þær skv. gildandi reglum sem hreppsnefnd setur. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar, svo og samþykktir og ályktanir mennta og menningarmálanefndar. Ritari nefndarinnar skal sjá um að afrit af fundargerðum séu send nefndarmönnum, sveitarstjórn og eftir atvikum öðrum er málin varða.

11.gr.

Fyrir 31. nóvember ár hvert skal nefndin gera framkvæmda – og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Áætlunin skal lögð fyrir hreppsnefnd til samþykktar. Skylt er nefndinni að haga starfi sínu í samræmi við þá framkvæmda- og fjárhagsáætlun sem hreppsnefnd hefur samþykkt.

12.gr.

Í lok hvers árs skal nefndin gera sveitarstjórn skriflega grein fyrir starfsemi sinni.

III. Kafli Markmið

13.gr.

Meginhlutverk mennta og menningarmálanefndar Reykhólahrepps er að móta stefnu í skólamálum hreppsins, og sjá um að öll börn í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu.

Nefndin hefur einnig það hlutverk að sjá til þess að halda utan um menningu og sjá til þess að íbúar hreppsins fái hennar notið.

Nefndin skal á sem faglegastan hátt vera hreppsnefnd til ráðuneytis í þeim málaflokkum sem snerta starfssvið nefndarinnar og að sama skapi stuðla að aukinni þekkingu almennings á þeim sömu þáttum og koma fram í erindisbréfi þessu.

14.gr.

Ávallt skal haft að markmiði að mennta og menningarmál séu í góðum farvegi og þeim málefnum sinnt af alúð.

15.gr.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúm í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum einstaklinga eða einstakra hópa.

16.gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í hreppsnefnd Reykhólahrepps og tekur þegar gildi.

Reykhólahreppur 9. ágúst 2011

Fh. hreppsnefndar
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
sveitarstjóri